


3H Travel ehf.
Björn Ólafsson
Markarflöt 5
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. október 2013
Tilvísun: UST20130900044/abg

Efni: Tímabundin aðstaða og lagning raflagnar við Príhnúka í Bláfjallafólkvangi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 1. september sl. frá 3H Travel ehf. vegna heimildar til uppsetningar á aðstöðu við Príhnúka í Bláfjallafólkvangi, vorið 2014.

Lýsing framkvæmdar: Fram kemur í erindi 3H Travel að líkt og fjögur síðustu ár, þá verði byggingakranabóma lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rasks á landi eða yfirborði. Neðan úr bómunni verður tveggja spila lyftupallur sem notaður verður til mælinga og flutnings á fólk. Sett verður upp aðstaða á svæðinu sem afdrep fyrir gesti og starfmenn sem og þurrsalerni með þvottaaðstöðu. Fráveita fer í þar til gerða tanka en er ekki veitt út í umhverfið. Einnig verður starfrækt móttökueldhús. Allt efni er flutt til og frá svæðinu með þyrlum.

Til að knýja spilin og ljósabúnað er fyrirhugað að leggja rafstreng á yfirborði frá Bláfjöllum að Príhnúkum sem fullnægir raforkupörf starfseminnar. Vegalengdin sem farið verður með rafstreng er áætluð um 2,9 km og verður rafstrengurinn lagður ofanjarðar. Notast verður við viðeigandi varnarbúnað og ef bilun verður í streng mun rafstraumur verða rofinn á augnabliki. Rafstrengurinn verður settur til bráðabirgða og mun að sögn framkvæmdaraðila ekki hafa nein umhverfisspjöll í för með sér. Grafa þarf rafstreng niður í malarplan frá tengipunkti Bláfjallamegin og þvera yfir veg. Rafstrengurinn verður dreginn út að vetrí þegar yfirborð jarðar verður undir snjó og mun snjóbíll draga keflin út með spili. Varaaflsstöð verður á staðnum ef til straumrofs kemur og er áætlað olíumagn vegna hennar um 150 lítrar. Áætlaður fjöldi ferðamanna á vegum fyrirtækisins er 3500-4500 og er þar undantalinna sá fjöldi ferðamanna sem um svæðið fer á eigin vegum.

Áhrifamat: Þann 2. október sl. fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar í eftirlitsferð í Príhnúkagíg til að kanna aðstæður eftir að aðstaða sumarsins hafði verið fjarlægð. Á svæðinu voru þá enn eldsneytiskur og þrír gámar en í samtali við fulltrúa 3H ehf. þá voru þeir fjarlægðir skömmu seinna. Að mati Umhverfisstofnunar þá er ekki um jarðrask að ræða af völdum byggingarkranabómu sem staðsett hefur verið tímabundið á gígopinu seinustu fjögur ár og er umgengni við gígopið almennt séð góð. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að slóð er farin að myndast í mosagrónu landi á milli eldsneytisks og göngustígsins sem liggar að gígnum og þarf að huga nánar að því.

3H Travel sækja nú einnig um lagningu rafstrengs á yfirborði. Umhverfisstofnun telur að ef rétt verði staðið að málum þá muni slík lagning ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Að mati Umhverfisstofnunar þá hefur tímabundin aðstaða mannvirkja auk lagningar rafstrengs tímabundið, við Príhnúka ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér ef skilyrði vegna framkvæmdarinnar verða uppfyllt.


Skilyrði: Umhverfisstofnun heimilar hér með fyrir sitt leyti tímabundna aðstöðu við Príhnúka og lagningu rafstrengs tímabundið frá Bláfjallavegi að Príhnúkagíg, með eftifarandi skilyrðum:

- Að ekki verði um jarðrask að ræða á svæðinu.
- Að rafstengur verði lagður út og dreginn inn þegar frost verði í jörð.
- Allt efni verði flutt til og frá svæðinu með þyrlu.
- Að olía eða aðrir mengandi vökkvar fari ekki út í umhverfið, að vel sé gengið frá eldsneytistank inni á svæðinu með lekavörn og að 3H Travel komi sér upp viðbragðsáætlun ef til slysa kemur. Viðbragðsáætlun á grundvelli starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd getur komið í stað viðbragðsáætlunar skv. leyfi þessu.
- Að göngustígar verði vel afmarkaðir og að komið verði upp pöllum, ristum eða álíka sem hlífir viðkvæmum jarðmyndunum.
- Svæðið í kringum gámana við Príhnúka verði afmarkað vel til að koma í veg fyrir jarðrask í kringum þá og að unnið verði í því að halda þeirri slóð sem hefur myndast á milli eldsneytistanks og göngustígs í lágmarki.
- Að umgengni niðri á botni Príhnúkagígs sé góð og að þar verði ekki skilinn eftir neinn úrgangur.
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Að allur frágangur að framkvæmdum loknum verði góður og ekki sjáist ummerki um mannvirki á svæðinu.
- Leyfi þetta gildir frá miðjum maí til byrjun október 2014. Umhverfisstofnun fer fram á það við framkvæmdaraðila að hann geri stofnuninni viðvart þegar mannvirki hafa verið fjarlægd af svæðinu í enda tímabilsins.


Umhverfisstofnun bendir á að ef lagning jarðstrengs er áætluð innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar þá þarf að sækja um leyfi hennar til framkvæmdarinnar. Samkvæmt fulltrúa 3H Travel þá liggur leyfi Mannvirkjastofnunar fyrir hvað varðar lagningu jarðstrengs ofanjarðar og sótt hefur verið um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Eftirlit: Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu eftir að mannvirki hafa verið fjarlægð eins og stofnunin hefur viðhaft undanfarin ár.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri